



Reykjavík 2. september 2013

Kt. 120977-2109  
Kim Allan Andersen  
Ástjörn 3  
800 Selfoss

### Aganefnd LH

#### Mál nr. 2/2013:

Samkvæmt yfirdómnefnd Suðurlandsmóts Geysis kemur fram að Kim Allan Andersen afskráði ekki úr T3 2.flokki og mætti ekki í úrslit í fjórgang 2.flokks á umræddu móti. Yfirdómnefnd gaf honum rautt spjald fyrir vikið og færði málsatvik inn á mótaskýrslu mótsins.

#### Forsendur aganefndar:

Samkvæmt grein 8.4.8 í Lögum og reglugerðum LH 2013, segir:

*Afskráningar úr forkeppni skulu berast amk klukkustund fyrir upphaf greinar í viðkomandi flokki, nema um augljós forföll vegna helti eða annarra óhappa sé að ræða.*

Einnig greinar 2.7.4.3 og 2.7.4.4 í heild sinni.

#### Úrskurður aganefndar:

Aganefnd LH úrskurðar Kim Allan Andersen, kt. 120977-2109, í eins mánaðar keppnisbann frá og með 25.8.2013.

### Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður  
Atli Már Ingólfsson, hdl.  
Sæþór Fannberg